



ENDURSKOÐUN

Þorvarður Gunnarsson,
meðeigandi hjá Deloitte og fyrrverandi
forstjóri félagsins

Tryggt öryggi fjárhagsupplýsinga og minni viðskiptakostnaður



Félag löggiltra endurskoðenda

Það er mín skoðun að gera þurfi breytingar á lagaumhverfi þannig að þjónusta endurskoðenda falli betur að stærð fyrirtækja og þörfinni fyrir að staðfesta upplýsingar.

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru burðarásinn í atvinnulífi hér á landi. Samkvæmt skilgreiningum eru þau 99% allra starfandi fyrirtækja á Íslandi og því mikilvægt að þau búi að hagfelldu rekstrarumhverfi. Þó nokkur umræða hefur farið fram á síðustu árum um endurskoðun fyrirtækja í þessum stærðarflokki, endurskoðunarskyldu minni fyrirtækja, sem og hugmyndir um að einfalda kröfur varðandi þennan fjölbreytta hóp fyrirtækja.

Núverandi lög um endurskoðendur tóku gildi 1. janúar 2009 og samkvæmt þeim var áskilið að fylgja alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem ekki var lagaskylda fyrir þann tíma. Staðlarnir eru vel á þriðja tug og mikill texti sem fylgir þeim. Það er því mikil vinna að baki því hjá endurskoðendum að tileinka sér þá og fylgja þeim. Alþjóðlegu endurskoðunarstaðlarnir hafa einkum hlotið gagnrýni fyrir að vera ekki nægjanlega vel aðlagðir að endurskoðun lítilla og meðalstórra fyrirtækja ásamt því að vera of kostnaðarsamir. Stjórnendur þessara fyrirtækja hafa ekki alltaf séð virði í þeirri vinnu endurskoðenda að uppfylla kröfur staðlanna.

Í mars 2013 voru samþykkt ný lög á Alþingi þar sem kaflanum um Endurskoðun í ársreikningalögum var breytt. Samkvæmt þeim er öllum félögum sem lögin

gilda um skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Veitt er þó undanþága fyrir félög þar sem eignir eru undir 200 millj. kr., rekstrartekjur undir 300 millj. kr. eða ársverk færri en 50. Félög sem eru undir stærðarmörkunum skulu kjósa endurskoðendur, endurskoðunarfyrirtæki eða skoðunarmenn. Síðan segir í 102 gr. laganna:

„Endurskoðendur skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við lög um endurskoðendur (þ.e. í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla). Skoðunarmenn skulu yfirfara ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.“

Það má velta því fyrir sér hversu mikið öryggi er falið í vinnu skoðunarmanns, miðað við hversu illa skilgreind þessi vinna er og án nokkurs gæðaeftirlits eða staðla til að fara eftir, auk þess sem óljóst getur verið hver réttaráhrif undirritun þeirra hefur. Hugsanlega veitir þessi aðferð einungis falskt öryggi í viðskiptum. Auk þess er hér um að ræða séríslenskt fyrirbæri og þau eru að mínu viti ekki til bóta þegar verið er að reyna að gera lagaumhverfi okkar sem líkast því sem það er í nágrannalöndunum.

Nýlega tóku gildi ný lög í Danmörku, sem kveða á um að fyrirtæki innan ákveðinna stærðarmarkna þurfi ekki að láta framkvæma hjá sér fulla endurskoðun, heldur er nóg fyrir þau að láta gera ítarlega könnun á ársreikningi sínum. Þessi lagasetning var hluti af átaki ríkisstjórnarinnar í að draga úr kostnaði í dönsku viðskiptalífi. Í nýju lögunum eru stærðarmörkin varðandi endurskoðunarskylduna rýmkuð verulega frá því sem áður var. Ég tel að núverandi þjónustuframboð endurskoðenda hér á landi fullnægi vel þörfum íslensks viðskiptalífs, alveg frá smæstu fyrirtækjum til hinna stærstu. Það er hins vegar mín skoðun að gera þurfi breytingar á lagaumhverfi þannig að þjónusta endurskoðenda falli betur að stærð fyrirtækja og þörfinni fyrir að staðfesta upplýsingar. Með því að fara svipaða leið og Danir hafa gert sparast fjármundir í viðskiptalífinu án þess að það hafi veruleg áhrif á gæði ársreikninga.

Í Danmörku er gert ráð fyrir að 95% fyrirtækja geti nýtt sér ítarlega könnun í stað endurskoðunar. Við gætum gert þetta á einfaldan hátt með því að innleiða alþjóðlega staðla um könnun annars vegar og aðstoð við gerð ársreiknings hins vegar. Í stað þess að endurskoðendur þurfi að vinna margvísleg vinnuskjöl, sem krafist er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, nýtist tími þeirra betur í reikningsskila- og skattaráðgjöf fyrir fyrirtæki í þessum stærðarflokki. Það myndi bæta skil opinberra gagna hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum ásamt því að gera þau öruggari. Á sama tíma væri breyting sem þessi öllum til hagsbóta; viðskiptalífinu, endurskoðendum og ekki síst hinu opinbera.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 25. sept. 2014 bls. 12.